

Fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum 14. febrúar 2019, kl. 15:00, haldinn í Verinu á Sauðárkróki.

Mættir voru Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Stefán Óli Steingrímsson fulltrúi háskólasamfélagsins, Laufey Skúladóttir fulltrúi menntamálaráðherra, Matthilde Espelund Hognestad fulltrúi stúdenta og Ingibjörg Sigurðardóttir fulltrúi háskólasamfélagsins sem ritar fundargerð að þessu sinni.

Dagskrá fundar:

1. Skipan tveggja fulltrúa til setu í háskólaráði, og eins varamanns þeirra (skv. lögum um opinbera háskóla 6.gr.).
2. Önnur mál.

Erla Björk setti fund og kynnti dagskrá fundarins.

1.

Umræða varð um með hvaða hætti skipað væri í háskólaráð. Erla Björk gerði grein fyrir með hvaða hætti háskólaráð hefði verið skipað hingað þig.

Erla setti fram tillögur varðandi mögulega aðila í háskólaráð. Hefðin hefur verið sú að rektor setur fram tillögur að aðilum á fyrsta fundi. Fram kom að nú þegar eru fjórar konur í ráðinu og því æskilegt að fá inn fleiri karla til að jafna kynjahlutföll í ráðinu.

Mikil umræða varð um mögulega einstaklinga í háskólaráð og komu fram fleiri tillögur varðandi það, bæði um karla og konur. Fundarmenn samþykktu að rektor hefði samband við nokkra af þeim aðilum sem nefndir voru sem fýsilegir háskólaráðsmenn og athugað hvort viðkomandi hefðu áhuga á að sinna verkefninu.

2.

Önnur mál komu ekki á dagskrá.

Fundi slitið.